



Eftirlitsverkefni 2015 – þrif í leik- og grunnskólum

**Samstarfsverkefni Umhverfisstofnunar og
Heilbrigðiseftirlits sveitafélaganna**

2016



UMHVERFISSTOFNUN

Eftirlitsverkefni 2015 – Þrif í leik- og grunnskólum.

**Samstarfsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits
sveitafélaganna**

Útgáfunúmer: UST-2016:03

Samantekt

Tilgangur verkefnisins var að framkvæma úttekt á þrifum í leik- og grunnskólum landsins með því að kanna hvernig hreinlætisáætlun skólanna er framfylgt, hvort alþrif eru framkvæmd, hvernig daglegri ræstingu er háttað og ástandi ræstigeymslna.

Eftirlitsverkefnið er samstarfsverkefni Heilbrigðiseftirlits sveitafélaganna (HES) og Umhverfisstofnunar (UST) en samtals voru 140 leik- og grunnskólar skoðaðir. Flest heilbrigðiseftirlitssvæðin tóku þátt að undanskildum heilbrigðiseftirlitinu í Reykjavík og Kjósarsvæði. Af þeim sem tóku þátt voru flestir skólanna sem voru skoðaðir á svæði Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs, eða um 37%.

Niðurstöður leiddu í ljós að langflestir skólanna starfa í samræmi við starfsleyfisskilyrði. Yfir 80% skólanna eru með virkar hreinlætisáætlanir og um 90% skólanna eru með sérstaka skriflega hreinlætisáætlun fyrir eldhúsin. Nær allir skólarnir notuðu umhverfisstofnaðar vörur. Alþrif voru gerð í miklu meirihluta skólanna og var framkvæmdin yfirleitt á ábyrgð skólastjórnenda. Þegar kannaðar voru daglegar ræstingar kom í ljós að u.þ.b. helmingur skólastofa voru þurrmoppaðar og blautskúraðar á hverjum degi. Gangar skólanna voru þurrmoppaðir og blautskúraðir daglega í um 60% tilfella. Salerni og alrými voru blautskúruð nánast daglega í öllum skólum og voru ræstivörur geymdar í læstri geymslu í nær öllum skólum úrtaksins.

Tillögur um úrbætur

- A. Að til sé hreinlætisáætlun fyrir skólann.
- B. Að fyrir liggji verklýsing um hversu oft eigi að þrifa, hvaða efni eigi að nota, leiðbeiningar um notkun hreinsiefna (t.d. skammtastærð).
- C. Brýna fyrir skólastjórnendum að tryggja að hreinlætisvörur séu geymdar í læstri geymslu/læstum skáp.
- D. Geyma ræstivörur í lofræstum rýmum.
- E. Bæta gólfefni og annan frágang/viðhald húsnæðis til að auðvelda þrif.
- F. Bæta skráningu fyrir alþrif í samræmi við hreinlætisáætlanir.

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	1–6
1.1 Tilgangur og tilhögun verkefnisins.....	1–8
2. NIÐURSTÖÐUR EFTIRLITS-VERKEFNIS 2015	2–9
2.1.Hreinlætisáætlanir.....	2–10
2.2. Alþrif.....	2–12
2.3. Daglegar ræstingar	2–13
2.4. Ræstigeymsla.....	2–16
3. NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR	3–19
3.1. Niðurstöður spurningakönnunar	3–19
3.2. Tillögur um úrbætur.....	3–20
4. HEIMILDIR	4–21
FYLGISKJAL 1. – SKJAL UM EFTIRLITSVERKEFNI 2015	4–22
FYLGISKJAL 2 – SPURNINGARLISTI.....	4–23

1. Inngangur

Á vofundi yfirstjórnar Umhverfisstofnunar með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæða 2014 var ákveðið að framkvæma úttekt á gæðum þrifa í leik- og grunnskólum landsins og í framhaldinu yrðu lagðar fram tillögur að úrbótum m.t.t. niðurstaðna og stuðla um leið að aukinni samræmingu eftirlits heilbrigðiseftirlitssvæðanna (sjá fylgiskjal 1).

Árið 2010 voru 277 starfandi leiksskólar í landinu. Um þriðjungur leiksskóla voru staðsettir í Reykjavík eða 95 talsins og í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur voru 61 starfandi leiksskólar. Utan höfuðborgarsvæðisins voru starfræktir alls 121 leiksskólar.¹ Fjöldi barna í leiksskólum hefur aukist frá árinu 2010 en þá voru 18.961 börn í leiksskólum en árið 2014 alls 19.938.²

Árið 2010 voru 175 grunnskólar starfandi í landinu. Þar af var fjöldi almennra grunnskóla á vegum sveitarfélaga 161 talsins, fjórir sérskólar og einkaskólar voru 10 talsins.³ Fjöldi barna í grunnskólum landsins voru 42.534 árið 2010 og fjölgaði í 43.136 árið 2014.⁴

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hafa eftirlit með hollustuháttum og mengunarvarnarmálum hjá leik- og grunnskólum skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Markmið með verkefninu var að kanna þrif í leik- og grunnskólum.

¹ Alþingi 2011-2012. Sjá: <http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1087.pdf>

² Hagstofa (a).

³ Mennta- og menningamálaráðuneytið (2013): Sjá: <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/forsidumyndir/Skyrsla-um-framkvaemd-skolastarfs-i-grunnskolum.pdf>

⁴ Hagstofa (b).

Flest heilbrigðiseftirlitssvæðin tóku þátt í úttektinni að undanskildum heilbrigðiseftirlitinu í Reykjavík og Kjósarsvæði.

Í verkefninu voru alls skoðaðir 140 leik- og grunnskólar og voru spurningar í formi gátlista lagðar fyrir ábyrgðaraðila.

Í starfsleyfisskilyrðum fyrir leik- og grunnskóla er að finna sérkafla um hreinlæti og þrif. Í starfsleyfisskilyrðum fyrir leiksskóla er sérkafla (kafla 4) um hreinlæti og þrif í skólanum.⁵ Í kaflanum er að finna eftirfarandi skilyrði:

- Í leikskólum skal vera skrifleg hreinlætisáætlun og verklýsing á hverju vinnusvæði (þ.m.t. leikföng, dýnur, rúmföt, leiktæki o.fl.), þar sem fram kemur hversu oft á að þrifa og hvaða efni á að nota til þrifa.
- Í leikskólum skal þrifa daglega og allsherjarhreingerning gerð á öllu húsnæðinu a.m.k. einu sinni á ári.
- Gólfefni og annar frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- Loftræstikerfi skal halda við og hreinsa reglulega. Skráningar skulu vera til staðar um viðhald og þjónustu við kerfið.
- Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum gæludýrum inn í húsnæðið eða á lóð.
- Reykingar eru bannaðar í leikskólum, bæði í húsnæði og á lóð.

Í starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla er einnig sérkafla (kafla 4) um hreinlæti og þrif í skólanum.⁶ Í kaflanum er að finna sömu skilyrðin og gilda fyrir leiksskóla, þó ekki sé tekið fram að þrifa eigi skóla daglega.

Ákvæði um þrif í leik- og grunnskólum er að finna í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.

⁵ [Umhverfisstofnun \(1\). 2011](#)

⁶ [Umhverfisstofnun \(2\). 2014.](#)

1.1 Tilgangur og tilhögun verkefnisins

Tilgangur verkefnisins var að framkvæma úttekt á þrifum í leik- og grunnskólum landsins með því að kanna eftirfarandi þætti:


- Hreinlætisáætlun,
- Alþrif
- Dagleg ræsting
- Ástand ræstigeymslna

Tilhögun verkefnisins:

- Leggja spurningar fyrir ábyrgðarmenn í leik- og grunnskólum varðandi þrif.
- Heilbrigðisfulltrúar færðu svör við spurningakönnuninni í vefkönnunar forritið Survey Monkey til útfyllingar á spurningarlistum fyrir þau svör sem bárust frá heilbrigðiseftirlitssvæðum.
- Gagnaskil til UST sem vann skýrslu úr niðurstöðum.
- Tölulegar samantektir og tölfræðivinnsla var unnin af UST með samantekt úr SurveyMokney.

2. Niðurstöður eftirlits- verkefnis 2015

Á myndinni hér að neðan (mynd 1) kemur fram hvernig fjöldi svarenda skiptist á milli heilbrigðiseftirlitssvæða. Alls voru skoðaðir 140 skólar.



Mynd 1. Fjöldi svara eftir heilbrigðiseftirlitssvæðum.

2.1.Hreinlætisáætlanir


Í starfsleyfisskilyrðum fyrir bæði leik- og grunnskóla segir að skrifleg hreinlætisáætlun og verklýsing skuli vera til staðar á hverju vinnusvæði. Þar að auki eigi að láta fara fram allsherjahreingerningu í skólunum a.m.k. einu sinni á ári. Í starfsleyfisskilyrðum fyrir leiksskóla er sérstaklega tilgreint að þrífa skuli skólann daglega.

Í spurningalistanum var spurt hvort til staðar væri verklýsing á hverju vinnusvæði þar sem fram komi hversu oft eigi að þrífa, hvaða efni skuli nota og í hvaða styrkleika. Yfir 80% svöruðu þessu játandi og um 20% svöruðu þessu neitandi.

Í annarri spurningu á spurningalistanum (sjá fylgiskjal 2) var spurt um hvort til væri skrifleg hreinlætisáætlun. Eins og kemur fram á mynd nr. 2 eru yfir 90% skóla með virkar hreinlætisáætlanir. Í spurningu 2.a. var var spurt um hvort kvittað væri fyrir hreinlætisaðgerðir. Um 28% skólanna svöruðu þessari spurningu játandi. Þeir sem svöruðu spurningunni játandi voru spurðir áfram. Í spurningu 2.a.i var spurt um hvort kvittað var daglega fyrir þrif. Í spurningu 2.a.ii. var spurt um hvort kvittað var vikulega fyrir þrif og í spurningu 2.a.iii. var spurt hvort kvittað var mánaðarlega fyrir þrif. Svör við spurningu 2 má sjá í heild sinni á mynd 2.

Hreinlætisáætlun

Answered: 140 Skipped: 0



Mynd 2. Hreinlætisáætlanir í skólum..

Í þriðju spurningu var spurt um hvort kvittað væri fyrir hreinlætisaðgerðir í eldhúsum, daglega, vikulega og mánaðarlega. Svörin sýndu að of fá eldhús láta kvitta fyrir hreinlæti eða um 28%.


Í fjórðu spurningu var spurt hvort þrif væru eins umhverfisvæn og mögulegt er (t.d. að notuð séu umhverfisvottuð efni). Af svörunum að dæma er hægt að álykta að þeir sem stjórna þrifum í skólum séu meðvitaðir um umhverfisvottuð efni, því 95% svöruðu þessu játandi en einungis 5% neitandi.

Í fimmtu spurningu var spurt um hvaða aðili sjái um dagleg þrif. Starfsmenn skólanna sáu um dagleg þrif í 52% tilfella en verktakar sáu um þrif í 48% tilfella.

2.2. Alþrif

Í starfsleyfisskilyrðum fyrir bæði leik- og grunnskóla kemur fram að allsherjarhreingerning skuli fara fram í skólunum a.m.k. einu sinni á ári. Í spurning sex var spurt um hvort framkvæmd væru alþrif a.m.k. einu sinni á ári. Í yfir 97% tilfella var raunin sú.

Í spurning sjö var spurt hvort þjónusta um alþrif sé aðkeypt eða ekki. Eins og sjá má í mynd nr. 3 eru yfir 60% skóla í úrtakinu sem kaupa utanaðkomandi þjónustu til að sinna alþrifum.



Mynd 3. Aðkeypt alþrifþjónusta.

Í spurningu 8 var spurt hvaða aðili sjái um alþrifin. Alls bárust 139 svör við þessari spurningu og sáu starfmenn skólanna um alþrif í 48% tilfella en aðkeyptir verktakar sáu um alþrifin í 52% tilfella.

Í spurningu níu var spurt um hvaða aðili hafi eftirlit með alþrifum. Í töflu 1 kemur fram að skólastjórnendur eða húsvörður eru þeir sem oftast eru skilgreindir sem eftirlitsaðilar eða í 84% tilfella. Eftirlitsaðili á vegum verktaka hafði eftirlit í 14% tilfella.

Tafla 1. Aðilar sem hafa eftirlit með alþrifi.

Hvaða aðili hefur eftirlit:	Fjöldi	Hlutfall
Eftirlitsmaður verktaka	20	14,4%
Húsvörður	25	18,0%
Leikskólastjóri	53	38,1%
Skólastjóri	39	28,1%
Eftirlitsaðili sveitarfélags	2	1,4%
Alls	139	100,0%

Í spurningu 10 var spurt um hvort alþrif væru skráð og svöruðu 67% svarenda því játandi en 33% svöruðu því neitandi.

2.3. Daglegar ræstingar

Í starfsleyfisskilyrðum fyrir leik- og grunnskóla er að finna sérkafla um hreinlæti og þrif í skólunum. Í starfsleyfisskilyrðum fyrir leiksskóla er kveðið á um dagleg þrif en í starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla er ekki tekið fram að þrifa þurfi daglega.⁷ Í kaflanum er að finna sömu skilyrði og gilda fyrir leiksskóla en ekki er tekið fram tíðni þrifa.

Í spurningu 11 var spurt um hvernig daglegri ræstingu í skólastofum væri háttað og samkvæmt svörum eru um helmingur skólanna þurrmoppaðir á hverjum degi, 16%

⁷ [Umhverfisstofnun \(2\). 2014](#)

þrisvar í viku og 11% tvisvar í viku eins og sést í töflu 2. Athyglisvert er að 15% skólanna eru ekki þurrmoppaðir heldur blautskúraðir.

Í sömu spurningu var spurt um hve oft var blautskúrað í skólunum. og í ljós kom að það er gert daglega í helming tilfella, en 20% svarenda sögðu skólana blautskúraða tvisvar í viku.

Tafla 2 - Dagleg þrif í skólastofum

Fjöldi daga í viku þurrmoppað	Fjöldi skóla	Hlutfall	Fjöldi daga í viku blautskúrað	Fjöldi skóla	Hlutfall
0	20	14,7%	0	0	0,0%
1	3	2,2%	1	21	15,4%
2	15	11,0%	2	30	22,1%
3	22	16,2%	3	21	15,4%
4	6	4,4%	4	0	0,0%
5	70	51,5%	5	64	47,1%
	136	100,00%		136	103,8%

Í spurningu 12 var spurt um hvernig daglegri ræstingu á göngum skólans væri háttað og samkvæmt svörum eru um 60% ganga í skólum í úrtakinu þurrmoppaðir daglega eins og sést í töflu 3. Um 23% ganga eru ekki þurrmoppaðir og um 57% ganga eru blautskúraðir daglega.

Tafla 3 – Ræsting á göngum skóla

Fjöldi daga í viku þurrmoppað	Fjöldi skóla	Hlutfall	Fjöldi daga í viku blautskúrað	Fjöldi skóla	Hlutfall
0	29	23,2%	0	2	1,5%
1	2	1,6%	1	16	11,8%
2	18	14,4%	2	20	14,7%
3	2	1,6%	3	19	14,0%
4	0	0%	4	1	0,7%
5	74	59,2%	5	78	57,4%
	125	100,00%		136	100,00%

Í spurningu 13 var spurt um hvernig daglegri ræstingu á salernum skólans væri háttað og samkvæmt svörum eru einungis 19% salerna þurrmoppuð á hverjum degi en 78% salerna eru ekki þurrmoppuð. Sjá nánar í töflu 4. Aftur á móti voru salerni blautskúruð í yfir 96% tilfella alla fimm daga vikunnar.

Tafla 4. Ræsting á salernum.

Fjöldi daga í viku þurrmoppað	Fjöldi skóla	Hlutfall	Fjöldi daga í viku blautskúrað	Fjöldi skóla	Hlutfall
0	107	78,8%	0	0	0,0%
1	1	0,7%	1	3	2,2%
2	1	0,7%	2	2	1,5%
3	1	0,7%	3	0	0,0%
4	0	0,0%	4	0	0,0%
5	26	19,1%	5	131	96,3%
	136	100,1%	5	136	100,0%

Í spurningu 14 var spurt um hvernig daglegri ræstingu á aðalrými skólans væri háttað og samkvæmt svörum er aðalrými skólans þurrmoppað um helming daga vikunnar en fjöldi skóla sem aldrei þurrmoppar eru um 50%. Aftur á móti eru alrými skólanna blautskúruð nánast alla daga vikunnar eða í yfir 96% tilfella eins og sést í töflu 5.

Tafla 5. Þrif í alrými


Fjöldi. daga í viku þurrmoppað	Fjöldi skóla	Hlutfall	Fjöldi. daga í viku blautskúrað	Fjöldi skóla	Hlutfall
0	67	49,3%	0	0	0,0%
1	4	2,9%	1	3	2,2%
2	11	8,1%	2	2	1,5%
3	12	8,8%	3	0	0,0%
4	3	2,2%	4	0	0,0%
5	39	28,7%	5	131	96,3%
	136	100,00%		136	100,0%

2.4. Ræstigeymsla

Í spurningu 15 er spurt hvort ræstivörur séu geymdar í læstri geymslu/læstum skáp, niðurstöðurnar eru birtar í mynd 4 sem sýnir að yfir 92% skóla í úrtakinu geyma ræstivöru í læstri geymslu/skáp.

Eru ræstivörur geymdar í læstri geymslu/læstum skáp?

Answered: 132 Skipped: 8



Mynd 4. Ræstivörur geymdar í læstri geymslu/læstum skáp.


Í spurningu 16 var spurt hvort geymslan sem ræstivörur eru geymdar í sé loftræst eða ekki og kom í ljós að í 91% tilfella eru geymslur loftræstar.

Í spurningu 17 var spurt hvort til staðar væri ræstilaug og svöruðu allir skólarnir því játandi.

Í spurningu 18 var spurt hvort geymslurými fyrir ræstíahöld og efnavöru væri nægjanlegt og á mynd 5 sýnir að um 88% svara því játandi, en 12% svara því neitandi.

Nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru?

Answered: 132 Skipped: 8




Mynd 5. Nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavörur.

Í spurningu 19 var spurt hvort þrif í leik- og grunnskóla væri fullnægjandi samkvæmt sjónrænu mati heilbrigðisfulltrúans og var svörunin að yfir 92% heilbrigðisfulltrúa töldu þrifin vera fullnægjandi en 8% töldu svo ekki vera.

Í síðustu spurningunni (spurningu 20) var spurt um hvort gólfefni og annar frágangur/viðhald húsnæðis væri þannig frágengið að þrif væru auðveld. Á mynd 6 kemur fram að í 90% tilfella töldu heilbrigðisfulltrúar gólfefni og annan frágang þannig hátt að þrif væru auðveld, en 10% töldu að bæta þyrfti gólfefni og annan frágang til að auðvelda þrif.

Er gólfefni og annar frágangur/viðhald húsnæðis þannig að þrif séu auðveld?

Answered: 132 Skipped: 8



Mynd 6. Er gólfefni og annar frágangur/viðhald húsnæðis þannig að þrif séu auðveld?

3. Niðurstöður og ábendingar

3.1. Niðurstöður spurningakönnunar

Í samstarfsverkefni HES og UST fyrir eftirlitsverkefni 2015 voru samtals 140 leik- og grunnskólar skoðaðir. Flestir skólanna eru á heilbrigðissvæði Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs eða um 37%.

Framkvæmd könnunar var í höndum heilbrigðisfulltrúa svæðanna sem tóku með sér gát- og spurningalista (sjá fylgiskjal 2) í árlegt eftirlit þar sem listinn var fylltur út. Heilbrigðisfulltrúar færðu svörin í könnunarforritið SurveyMonkey⁸ sem gefur samantekt niðurstaða úr könnuninni.

Þegar svör skólanna eru metin er hægt að draga þá ályktun að langflestir skólanna starfa í samræmi við starfsleyfisskilyrði. Yfir 80% skólanna eru með virkar hreinlætisáætlanir og um 90% skólanna eru með sérstaka skriflega hreinlætisáætlun fyrir eldhúsin. Aftur á móti má styrkja verkferla innan skólanna m.a. með því að kvittað sé fyrir þrif.

Nær allir skólarnir notuðu umhverfisvottaðar vörur við þrif og skipti þá ekki máli hvort starfmenn skólans sáu um þrifin eða þau útvistuð. Könnunin sýndi að þeir sem voru ábyrgir fyrir þrifum voru meðvitaðir um að nota umhverfisvottuð efni.

Nær allir skólarnir í úrtakinu létu fara fram alþrif á húsnæðinu og var sú þjónusta útvistuð í 60% tilfella. Ábyrgð á framkvæmd alþrifa var í um 84% í höndum skólastjórnenda eða ábyrðamanna innan skólans en 15% á vegum aðila sem verktaki

⁸ <http://www.surveymonkey.com>

og skólastjórnendur hafa samið við um að sinna eftirliti. Bæta mætti skráningu fyrir alþríf en þriðjungur skóla skráir ekki að alþríf hafi farið fram.

Þegar kannaðar voru daglegar ræstingar kom í ljós að u.þ.b. helmingur skólastofa voru þurrmoppaðar og blautskúraðar á hverjum degi. Taka má fram að í starfsleyfisskilyrðum fyrir leiksskóla er kveðið á um dagleg þríf en þannig ákvæði er ekki að finna í starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla heldur almennt ákvæði um hreinlætisáætlun. Gangar skólanna voru þurrmoppaðir og blautskúraðir daglega í um 60% tilfella. Salerni og alrými voru blautskúruð nánast daglega í öllum skólum.

Nær allir skólarnir geymdu ræstivörur í læstri geymslu, þó sýndi könnunin að um 8% skólanna gerðu það ekki. Jafnframt sýndu svör fram á að langflestar geymslur ræstivara voru loftræstar.

Almennt má segja að könnunin hafi leitt í ljós að brýna þurfi fyrir skólastjórnendum að gera hreinlætisáætlanir og að kvittað sé fyrir þríf. Að auki þarf að ganga úr skugga um að ræstivörur séu geymdar í læstum geymslum sem eingöngu starfsmenn hafa aðgang að.

3.2. Tillögur um úrbætur

Það eru ýmis atriði sem þarf að bæta. Eftirfarandi eru þau atriði sem lagt er til að verði betrubætt í kjölfar þessa eftirlitsverkefnis.

- Ganga eftir því að fyrir liggi verklýsing um hversu oft eigi að þrífa, hvaða efni eigi að nota og í hvaða styrkleika.
- Ganga úr skugga um að hreinlætisvörur séu geymdar í læstri geymslu/læstum skáp.
- Geyma ræstivörur í lofræstum rýmum.
- Bæta gólfefni og annan frágang/viðhald húsnæðis svo að þríf séu auðveld.
- Bæta skráningu fyrir alþríf í samræmi við hreinlætisáætlanir.

4. Heimildir

1. Alþingi: Skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólastarfs í leikskólum skólaárin 2008-2009, 2009-2010 og 2010-2011. (Lögð fyrir Alþingi á 140. Löggjafarþingi 2011-2012.) Skoðað 19.4.2016
2. Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum skólaárin 2007-2008, 2008-2009 og 2009-2010. Útgefin 2.12.2013. Skoðað 19.04.2016.
3. Hagstofa Íslands (A):
http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__0_IsNemendur/SKO01000.px/table/tableViewLayout1/?rxid=e603c195-4d82-4b04-81a2-c290b61fb1c3 Skoðað 20.4.216
4. Hagstofa Íslands (B):
5. http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__2_grunnskolastig__0_gsNemendur/SKO02101.px/table/tableViewLayout1/?rxid=7e6df1ce-e884-40b5-95b8-ca768bf1a054 Skoðað 20.4.2016.
6. Umhverfisstofnun (1): Starfsleyfi fyrir leiksskóla.
http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Samraemd-starfsleyfisskilyrði/Starfsleyfisskilyrði_fyrir_leikskola_lok_2011.pdf. Skoðað 20.4.2016.
7. Umhverfisstofnun (2): Starfsleyfi fyrir grunnskóla.
http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Samraemd-starfsleyfisskilyrði/Starfsleyfisskilyrði_fyrir_grunnskola_uppf%C3%A6rt%202014.pdf. Skoðað 20.4.2016.

Fylgiskjal 1. – Skjal um eftirlitsverkefni 2015

Vinnuhópar UST og HES

<input type="checkbox"/> Efnavörhópur <input checked="" type="checkbox"/> Hollustuháttahópur <input type="checkbox"/> Umhverfisgæðahópur
Heiti verkefnis: 1. Eftirlitsverkefni um þrif í leik- og grunnskólum
Upphaf verkefnis (mán. og ár): Frankvæmd á tímabilinu maí – sept 2015. Stefnt að því að ljúka úrvinnslu fyrir vorfund 2016.
Stutt lýsing verkefnis, þar sem eftirfarandi kemur fram: <ol style="list-style-type: none">Tilgangur og markmið: Úttekt á þrifum í leik- og grunnskólum landsins: hreinlætisáætlun, alþrif, hvernig daglegri ræstingu er háttað, ræstigeymslur o.fl. Drög að eftirlitsverkefni unnin árið 2011, verið á bið.Notagildi verkefnisins og markhópur/hópar: Úttekt á gæðum þrifa í leik- og grunnskólum landsins, tillögur til leik- og grunnskóla og annarra skóla að úrbótum m.t.t. niðurstaðna auk þess að stuðla að samræmingu eftirlits.Frankvæmd (stutt lýsing):<ol style="list-style-type: none">Leggja spurningar fyrir ábyrgðamenn í leik- og grunnskólum varðandi þrif.Úttekt heilbrigðisfulltrúa á þrifum og ræstiaðstöðu í leik- og grunnskólum.Gagnaskil til UST sem vinnur skýrslu úr niðurstöðum.Kynning á niðurstöðum, hvernig og hvar: Skýrslugerð, birt á heimasíðu UST. Niðurstöður verða kynntar á vettvangi HES og/eða UST (haustfundur, ársfundur).
Kostnaðaráætlun. (kostnaðarauki: bein útgjöld og vinnutími) <ol style="list-style-type: none">Kostnaður UST: Ekki er reiknað með að útlagður kostnaður UST aukist en einhver aukning í vinnu vegna undirbúnings verkefnis, gerð gagnabanka fyrir niðurstöður og úrvinnslu niðurstaðna.Kostnaður HES og þá hvaða svæða ef tiltekin.: Ekki er reiknað með að útlagður kostnaður UST aukist en einhver aukning í vinnu vegna skráningar niðurstaðna.
Verkefnisstjóri: Katrín Hilmarsdóttir
Aðrir þátttakendur: Heilbrigðisfulltrúar sem sinna eftirliti með leik- og grunnskólum.
Dagsetning og undirskrift verkefnisstjóra.



Fylgiskjal 2 – Spurningarlisti

Eftirlitsverkefni 2015

– Þríf í leik- og grunnskólum

Heilbrigðiseftirlitssvæði:	
Heilbrigðisfulltrúi:	
Nafn leik- eða grunnskóla:	

Hreinlætisáætlun				
Nr.		Já	Nei	Athugasemdir
1.	Er verklýsing á hverju vinnusvæði þar sem fram kemur hversu oft á að þrífa og hvaða efni á að nota og í hvaða styrkleika (gólf, borð, salerni, snertifletir, o.fl.).			
2.	Er til skrifleg hreinlætisáætlun?			
2.a.	Er kvittað fyrir þríf?			
2. a. i.	Er hún fyrir dagleg þríf?			
2. a. ii.	Er hún fyrir vikuleg þríf?			
2. a. iii.	Er hún fyrir mánaðarleg þríf?			
3.	Er skrifleg hreinlætisáætlun fyrir eldhús?			
3. a.	Er kvittað fyrir þríf?			
3. a. i.	Er hún fyrir dagleg þríf?			
3. a. ii.	Er hún fyrir vikuleg þríf?			
3. a. iii.	Er hún fyrir mánaðarleg þríf?			
4.	Eru þríf að einhverju leyti umhverfisvæn (t.d. notkun umhverfisvænna efna)?			
5.	Hver sér um dagleg þríf?			

Alþrif				
Nr.		Já	Nei	Athugasemdir
6.	Eru framkvæmd alþrif a.m.k. einu sinni á ári?			
7.	Er þjónustan aðkeypt?			
8.	Hver sér um þau?			
9.	Hver hefur eftirlit með þeim?			
10.	Skráningar?			
Hvernig er daglegri ræstingu háttað?				
Nr.		Ef þurrmoppað, hversu oft í viku?		Ef blautskúrað, hversu oft í viku?
11.	Skólastofur:			
12.	Gangar:			
13.	Salerni:			
14.	Aðalrymi:			
Ræstigeymsla				
Nr.		Já	Nei	Athugasemdir
15.	Eru ræstivörur geymdar í læstri geymslu/læstum skáp?			
16.	Er hún loftræst?			
17.	Ræstilaug?			
18.	Nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru?			
19.	Sjónrænt mat heilbrigðisfulltrúa: eru þrif fullnægjandi?			
20.	Er gólfefni og annar frágangur/viðhald húsnæðis þannig að þrif séu auðveld?			